



THE NATIONAL FILM ARCHIVE OF ICELAND • CINEMATEK

Hvaleyrarbraut 13 • 220 Hafnarfjörður • Iceland

Tel +354 565 5993 • Fax +354 565 5994

kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is • www.kvikmyndasafn.is

|                  |          |
|------------------|----------|
| Hafnarfjarðarbær |          |
| Innk:            | 5/5 2015 |
| Málsnr:          | 11021293 |
| Bréfat:          | 267.2    |

Hafnarfirði, 5. maí 2015

Haraldur L. Haraldsson, bærarstjóri Hafnarfjarðar  
Bæjarskrifstofunum við Strandgötu  
220 Hafnarfjörður

Kæri Haraldur,

Ég undirritaður vil fyrir hönd Kvikmyndasafns Íslands þakka þér fyrir ítarlegar samræður sem ég átti með þér um málefni Bæjarbíós á þremur fundum í byrjun þessa árs ásamt menningarfulltrúa bæjarins, Marín Hrafnisdóttur, og sviðstjórnunum Sigurði Haraldssyni og Kristjáni Sturlusyni, að viðbættum núverandi rekstrarstjóra Bæjarbíós, Kristni Sæmundssyni, á þriðja fundinum. Við fórum vítt og breitt yfir sviðið og m.a. komuð þið í heimsókn í safnið upp á Hvaleyrarbraut 13 (Haraldur, Marín og Sigurður), þar sem ég sýndi ykkur húsakynin og kynnti ykkur hugmyndir sem uppi eru í safninu um sýningarhald fari svo að Kvikmyndasafnið neyðist til að segja skilið við Bæjarbíó fyrir fullt og allt eins og nú er útlit fyrir. Því veldur stefnubreyting síðustu bærarstjórnar í málefnum bíósins og svo virðist sem núverandi bærarstjórn muni fylgja eftir stefnu forvera sinna.

Á síðasta fundinum kom fram að rekstur Menningar- og listafjelags Hafnarfjarðar gangi að óskum og að allt útlit sé fyrir að svo muni verða út samningstímabilið þrátt fyrir að margir af stofnendum félagsins hafi dregið sig til hlés eða út úr félaginu eftir því sem fram kom í samtölum okkar. Meðfylgjandi eru nokkrir punktar sem leituðu á hugann eftir þessar samræður (fylgiskjal 1) og úrdráttur úr greinargerð v. nýrrar sýningaraðstöðu á Hvaleyrarbraut 13 sem ég mun leggja fram í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu fljótlega (fylgiskjal 2). Minni jafnframt á að drög að framlengdum rekstrarsamningi milli safnsins og bæjarins hefur legið fyrir frá því um áramótin 2013-14.

Aðalatriði málsins núna eins og það snýr að Kvikmyndasafni Íslands er að 1. júní næstkomandi verður liðið eitt ár frá því að MLH tók við rekstri Bæjarbíós en upplýst var í upphafi að gerð yrði tilraun með nýtt rekstrarform í eitt ár. Að því loknu yrði tekin ákvörðun um hvort haldið yrði áfram á markaðri braut þar sem popptónleikahald er í fyrirrúmi á kostnað kvikmyndasýninga. Kvikmyndasafnið ákvað að skilja vélar og annan búnað eftir ef ske kynni að það ætti afturkvæmt í bíóið sem var undir rekstrartilrauninni komið. Ég óska hér með eftir því að bæjaryfirvöld staðfesti á næstu tveimur vikum hverjar verði niðurstöður yfirstandandi rekstrartilraunar og hvað taki við eftir 1. júní.


Í kjölfar staðfestingar bæjaryfirvalda þurfa starfsmenn Kvikmyndasafnsins að fá að koma á vettvang í Bæjarbíói til að taka niður sýningavélar, hljóðkerfi og sýningatjald/tjöld en til að lágmarka skaðann sem af því hlýst mætti hugsa sér að bærinn leysti sýningatjöldin til sín (fortjald og sýningatjald ásamt stýribúnaði þess) gegn sanngjarnri greiðslu. Jafnframt þarf að semja um greiðslur fyrir öryggiskerfið og lýsinguna í andyri og viðræður þyrftu að eiga sér stað á milli aðila varðandi einhvers konar uppgjör fyrir hinar kostnaðarsömu endurbætur á bíóinu sem unnið var að fyrir síðustu aldamót í góðri trú á vegum ríkis og safns og nýttist nú bænum einum fyrir annars konar starfsemi.

Bæjaryfirvöld gera sér vonandi grein fyrir því að verði haldið áfram á sömu braut eftir 1. júní liggur fyrir að alvöru kvikmyndasýningar leggjast af í Bæjarbíói. Sömuleiðis er rétt fyrir hina nýju bærarstjórn að hafa í huga að fyrir liggur samningur frá því um áramótin 2013-14 sem myndi tryggja fjölbreytta menningarstarfsemi í bíóinu bæði á sviði kvikmyndasýninga og annarra viðburða.

Þetta eru söguleg og næsta afdrifarík tímamót og því mikilvægt að allt sé gert að yfirveguðu ráði. Af tillitssemi við hugsanlegan viðburð á vegum MLH í bíóinu á 17. júní er það tillaga undirritaðs að safnið fái inni í bíóinu vikuna 19. – 22. júní til að losa um eigur þess til flutnings upp á Hvaleyrarbraut. Vinsamlegast sendið bréfflegt svar fyrir þann tíma.

Virðingarfyllst,

f.h. Kvikmyndasafns Íslands



Erlendur Sveinsson, forstöðumaður

AFRIT:

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs  
Eiríkur Þorláksson, sérfræðingur í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu  
Marín Hrafnisdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi  
Kristján Sturluson, sviðsstjóri  
Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri

FYLGISKJÖL

- 1) Minnispunktar eftir fund á skrifstofu bæjarstjóra 10. febrúar 2015
- 2) Úrdráttur úr greinargerð dags. 5. maí 2015 með hugmyndum um nýja sýningaraðstöðu fyrir Kvikmyndasafnið að Hvaleyrarbraut 13.

**MINNISPUNKTAR EFTIR FUND Á SKRIFSTOFU BÆJARSTJÓRA 10. FEBRÚAR 2015.**

*Fundinn sátu auk Haraldar L. Haraldssonar, bæjarstjóra, og undirritaðs forstöðumanns Kvikmyndasafnsins, Marín Hrafnadóttir, menningarfulltrúi og Kristján Sturluson, sviðsstjóri. Ritari bæjarstjóra sat einnig fundinn og skráði fundargerð.*

*Eftirfarandi punktar leita á huga undirritaðs eftir fundinn og neðst er brugðist við þeirri hvatningu sem fram kom hjá menningarfulltrúa um að undirritaður kæmi með útspil eftir þennan fund.*

- Frumástæður þess að leiðir Hafnarfjarðarbæjar og Kvikmyndasafnsins skildu að skiptum er sú fullyrðing formanns bæjarráðs síðustu bæjarstjórnar að fullreynt væri með starfsemi Kvikmyndasafnsins í Bæjarbíói. Er þá átt við það huglæga mat að safnið hafi ekki staðið undir væntingum bæjarins varðandi starfsemi í bíóinu. Um þessa fullyrðingu hefur verið mikið fjallað en hér skal aðeins minnt á að í upprunalegum samningi safnsins og bæjarins er ekkert kveðið á um magn sýningarhalds í bíóinu. Í annan stað fóru fram ítarlegar umræður milli bæjarins, safnsins og ráðuneytisins árið 2008 um Bæjarbíó án þess að fram kæmu neinar haldbærar óskir af hálfu fulltrúa bæjarins um aukna starfsemi. Um vorið 2013 var engu að síður ákveðið að falla frá áformum um að fela Gaflaraleikhúsinu rekstur bíósins og semja við Kvikmyndasafnið á grundvelli sjónarmiða sem forstöðumaðurinn lagði fram á sameiginlegum fundi bæjaryfirvalda og hans í ráðhúsi bæjarins. Í samningstexta þeim sem lá fyrir um áramótin 2013-14 var búið að koma til móts við óskir bæjarins að fullu og er óhætt að fullyrða að margfalt fjölbreyttari, eðlilegri og menningarlegri starfsemi hefði orðið í bíóinu ef samningurinn hefði verið undirritaður auk þess sem lokið hefði verið við að gera bíóið upp. Í aðdraganda þessa samnings hafði safnið umbylt heimasíðu sinni í þágu sýningahaldsins og keypt vikulegar auglýsingar í Fréttablaðinu fyrir hátt í 800.000. – kr. á ári. Einnig fjárfesti safnið í aðdraganda síðust vetrardagskrár þess í lýsingu fyrir andyri bíósins fyrir hálfa milljón króna og efndi í fyrsta sinn til sýningar á safnmunum í andyrinu.

- Samninginn frá áramótum 2013-14 var ráðherra tilbúinn að samþykka. Þegar Hafnarfjarðarbær snéri óvænt við blaðinu, ýtti tilbúnum samningi út af borðinu og bjó til nýjan samning sem gerði ráð fyrir nýjum rekstraraðila og lagði fyrir ráðherra varð niðurstaðan sú að ráðherra ákvað að halda sig við áramótasamninginn. Og þegar ráðherra vildi halda sig þannig við samninginn sem honum hafði verið kynntur og rökstuddur var því haldið fram að hann hefði í hótunum við Hafnarfjarðarbæ og var ómaklega að honum vegið af þáverandi ráðamönnum bæjarins vegna þessarar afstöðu hans. Þessu er rétt að halda til haga hér í þessum punktum því það er eins og bæjarfulltrúar hafi ekki gert sér grein fyrir hverju þeir voru að kasta á glæ.

- Bæjarfulltrúar Hafnarfjarðarbæjar þurfa að gera sér grein fyrir því að bærinn/eigandi Bæjarbíós getur ekki boðið upp á „prófessionál“ kvikmyndasýningar í þessu sögufræga bíói án aðkomu Kvikmyndasafnsins. Það sem bíó bæjarins býður upp á núna eru einungis áhugamannasýningar á dvd diskum. Slíkar sýningar eru ekki alvöru bíósýningar enda dvd diskar ætlaðir til heimabruks. Það blasir því við hnignun Bæjarbíós sem kvikmyndahúss í núverandi ástandi.

Engin áform eru uppi um ljúkningu endurgerðar bíósins en endurgerð þess hefur hins vegar verið á könnu Kvikmyndasafnsins frá því um síðustu aldamót og hefur kostað 21 milljón kr. fjárfestingu ríkisins á þávirði.

- Með því að Kvikmyndasafnið hættir sýningum í bíóinu leggst tækniþekkingin af bæði fyrir stjórnun sýningavéla og viðhald þeirra. Það mun gera endanlega út af við sýningar í bíóinu í nánustu framtíð skv. upprunalegum aðferðum og rýra hina lögvörðu friðun þess.

- Við það að sýningar Kvikmyndasafnsins hafa lagst af hefur ákveðið ferli verið rofið sem byggðist á áhuga og umframgetu starfsfólks Kvikmyndasafnsins. Hvað forstöðumanninn varðar þá bætti hann vinnu sinni vegna sýninganna sem hann sinnti þegar hann var í 50% starfi við starf sitt sem forstöðumanns safnsins. Sýningamaðurinn Sigurjón Jóhannsson, gerði Bæjarbíó sýningarhæft á ný af hugsjón eftir mikið niðurlægingaskeið á 10 áratug og sýndi lengi vel utan vinnutíma gegn því a taka frí á dagstíma. Sama átti við um vinnu Gunnþóra Halldórsdóttur, sem var aðalhvatamaðurinn að hafist yrði handa um sýningar í bíóinu þrátt fyrir mikla erfiðleika hjá Kvikmyndasafninu, þegar yfirmanni þess hafði verið sagt upp starfi hans vegna ákafa hans við að ljúka við viðgerð bíósins þannig að hægt yrði að hefja sýningar. Gunnþóra sá um yfirsetu sýninga allan þann tíma sem þær voru á vegum Kvikmyndasafnsins í kvöld og helgarvinnu gegn því að geta tekið út frí á öðrum tímum. Hún tók einnig þátt í að móta sýningadagskrána og að skrifa í sýningaskrá.

Starfi forstöðumannsins hefur fylgt innflutningur á kvikmyndum vegna þessara sýninga (ca. helmingur mynda vetrardagskrárinnar) auk ritstjórn, hönnun og skrif í sýningarskrá. Nú er ljóst að þetta fyrirkomulag gengur ekki upp lengur því álagið á starf forstöðumanns er nú þegar svo mikið að hann kemst ekki yfir allt sem gera þarf. Það er því ljóst að ráða þarf annan starfskraft í hans stað til að sinna sýningarhluta strafs hans. Sá starfskraftur er ekki auðfundinn því hann þyrfti að hafa þekkingu á innlendri og erlendri kvikmyndasögu, hafa góða þekkingu á safnkosti kvikmyndasafnsins, vera fær um að skapa kvikmyndadagskrár, skrifa um kvikmyndir og þemu kvikmynda, geta klippt og hljóðunnið kvikmyndaefni, hannað sýningaskrár, hannað auglýsingar og annast kynningu í fjölmiðlum. Alla þessa verkþætti hefur forstöðumaðurinn haft á sínum herðum og það ásamt með forstöðumannsstarfinu hin síðari ár.

- Sýningarnar í Bæjarbíó gerðu miklar kröfur til sýningarmanns okkar sem vann orðið einn við sýningar síðastu árin auk þess sem allt viðhald á sýningarbúnaðinum hvíldi á hans herðum. Það lá því fyrir að byggja þyrfti upp annan starfsmann sem yrði að mennta til starfans í safninu/bíóinu. Að auki hvíldi þessi starfsemi mjög á herðum annars starfsmanns í viðbót og margvísleg tæknivinna, skannanir, afritanir o.fl. vegna sýningarhaldsins var á herðum fjórða starfsmanns safnsins. Allir þessir starfsmenn eru nú á kafi í öðrum verkefnum.

- Uppgerðu sýningavélarnar í sýningaklefa bíósins eru eign Kvikmyndasafnsins og eru skráðir safngripir þess en gömlu sýningavélar bíósins eru óstarfhæfar. Kvikmyndasafnið á einnig myndvarpa af bestu gerð og hefði getað útvegað sér DCP tæki til nútímasýninga ef það hefði haldið áfram rekstri bíósins. DCP sýningartæki kosta í dag yfir 10 milljónir króna að viðbætti uppsetningu. Bæjarfulltrúar geta velt því fyrir sér hvaða grundvöllur sé fyrir því fyrir bæinn að fjárfesta í slíkum tækjum, þegar það er margsannað að ekki er hægt að reka einssals bíó í dag þannig að hann beri sig fjárhagslega. Skv. þessu getur Hafnarfjarðarbær ekki boðið rekstraraðila upp á alvöru kvikmyndasýningaraðstöðu í bíóinu.

- Hafnarfjarðarbær þarf á Kvikmyndasafninu að halda eigi að vera unnt að bjóða upp á frambærilegar „professional“ kvikmyndasýningar í Bæjarbíói. En að sama skapi þarf kvikmyndasafnið á velvilja ráðuneytisins og fjárveitingavaldsins að halda til að geta snúið aftur inn í Bæjarbíó. Og það þarf umbóttunartíma bæði vegna þess að gera þarf ráð fyrir kostnaðinum sem af hlýst af auknum mannafla og kostnaði við sýningarhald (innflutningur og leiga á kvikmyndum) og tryggja að fjárveitingar fái til þessara hluta.

- Kvikmyndasafnið er að rannsaka aðra sýningarmöguleika, eins og bæjarstjóra og embættismönnum bæjarins er kunnugt um, og kann að vera torsótt að vinna bæði að framgangi þeirra hugmynda og afturhvarfs til sýningastarfsemi í Bæjarbíói. Ef svo færi að safninu yrði gert kleyft að vinna að uppsetningu eigin sýningaraðstöðu í húsakynum sínum þarf það á Kvikmyndasýningavélum sínum að halda og biótjaldinu og myndi falast eftir þeim auk þess sem bærinn þarf að greiða safninu fyrir öryggistækin.

- Ef leiðin ætti að liggja í Bæjarbíó á ný þarf aukinn starfskraft til Kvikmyndasafnsins og aukna fjárveitingu. Það gæti í fyrsta lagi orðið síðla árs 2016 ef hljómgrunnur fengist í ráðuneytinu fyrir auknum fjárveitingum. Úr því fæst skorið í fyrsta lagi í byrjun árs 2016 og þá þarf að hefjast handa um skipulagningu og pöntun kvikmynda til að dagskrá geti orðið tilbúin haustið 2016. Hafa má í huga að 2. nóvember 2016 verða 110 ár frá upphafi reglubundinna kvikmyndasýninga á Íslandi sem myndi geta orðið ákveðinn hvati til afturkomu á slíkum tímamótum. Spurningin er hins vegar skv. ofanskráðu á hvaða forsendum sýningar Kvikmyndasafnsins ættu afturkvæmt.

- Ef safnið kæmi til baka í Bæjarbíó væri það á grundvelli samningstexta sem lá fyrir í desember 2013 og miðast við reglur Alþjóða kvikmyndasafnasambandsins varðandi sýningarhald. Á fundinum sem minnst er á hér í upphafi kom fram að það væri óraunhæft, því Hafnarfjarðarbær vildi móta bíó sitt sem **viðburða- og fjölmennningar hús á popp- og jazzsviði** en víkja frá upphaflegri stefnu um Bæjarbíó sem Cinematek (safnbíó) Kvikmyndasafns Íslands. Þarna er ásteytingarsteinninn. Þessi sjónarmið gera það að verkum Kvikmyndasafnið hlýtur að gefa Bæjarbíó upp á bátinn.

*Spurning er á ögurstundu hvort einhver leið sé út úr þessari klemmu? Með miklum og góðum vilja væri hægt að hugsa sér það en með eftirfarandi skilyrðum. Eftir því sem meir er um þetta hugsað þeim mun ólystugri er samt sú skilyrta leið fyrir safnið. Jafnvel álitamál hvor ástæða sé til að fara inn í bíóið með kvikmyndasýningar á ný á grundvelli fyrrnefnds samnings frá áramótum 2013-14. En til að ljóst sé að um þessi mál hefur verið hugsað og rætt af mikill alvöru í Kvikmyndasafninu eru skilyrði safnsins fyrir innkomu þess í viðburða- og fjölmenningshús sett hér á prent án skuldbindinga:*

1) Til að safnið gæti hugsanlega nýtt sér aðstöðuna í Bæjarbíói á grundvelli stefnu bæjarins um „fjölmenningshús“ þyrfti bærinn sjálfur að reka bíóið með faglegum rekstraraðila á hans vegum. Þessi rekstraraðili væri ekki í viðburðahaldi heldur hefði það hlutverk að láta reksturinn ganga upp og tryggði að margvísleg starfsemi í húsinu gæti gengið snuðrulaust fyrir sig. Það er óeðlilegt frá sjónarmiði safnsins að viðburðahaldari sé jafnframt rekstraraðili hússins. Það gengur ekki nema að honum sé falinn allur rekstur þess eins og nú á sér stað.

2) Kvikmyndasafnið eitt gangist fyrir kvikmyndasýningum í bíóinu. Þetta er lágmarkskrafa til að ímynd safnsins geti tengst Bæjarbíói á ný (í boði Hafnarfjarðarbæjar) í stað þess að það væri undir hatti rekstaraðila úr einkageiranum sem er að byggja upp sína ímynd í bíóinu og jafnvel keppa við safnið á sýningar sviðinu.

3) Kvikmyndasafnið fái sæti í bíóráði.

4) Kvikmyndasafnið hafi full yfirráð yfir sýningarklefanum.

5) Hafnarfjarðarbær annist miðasölu og gæslu fyrir safnið og alla aðra viðburði og tryggi allt viðhald hússins, m.a. þá framtíðarsýn að ljúka við uppgerð þess, þar með talið endursmíði innréttinga í anddyri og miðasölu eftir því sem hægt er.


6) Kvikmyndasafnið fái helming Strandgötugluggans til sinna yfirráða.

7) Bærinn nýti sér ekki andyri bíósins til sýninga á skipulagsteikningum.

8) Gerður verði samningur um sýningarhald Kvikmyndasafnsins til eins árs til reynslu þ.e. haustið 2016 – haust 2017.

Með þessari tillögu fæst endanlega úr því skorið hvort hugmynd safnsins hér að ofan gangi upp (á tímabilinu 2016 – 17).

Samandregið og endurskoðað 5. maí 2015

  
Erlendur Sveinsson

*CINEMA MAGICA er nafn á hugmynd sem Kvikmyndasafnið vinnur að í sambandi við endurskipulagningu húsnæðis þess að Hvaleyrarbraut 13, en hún miðar að hönnun nýs sýningarsalar fyrir kvikmyndir og safngripi í húsakynnum sjálfum.*

• CINEMA MAGICA gerir ráð fyrir að haft verði samband við lögfræðing Menntamálaráðuneytisins til að fá álit hans á því hvort hægt sé að fara fram á bætur frá Hafnafjarðarbæ á grundvelli þess að bærinn hafi horfið frá þeirri upphaflegu samstarfshugmynd sem fólst í flutningi Kvikmyndasafnsins í Hafnarfjörð vegna tækifæra þar. Ástæður flutningsins voru þær að með honum yrði húsnæðisvandi Kvikmyndasafnsins leystur til frambúðar í Bæjarútgerðarhúsinu á Norðurbakkanum, hvað varðaði almenna starfsemi safnsins og aðgengi að kæli- og frystigeymslum í frystihúsinu fyrir filmusafnið en um fram allt vegna þeirrar lausna á sýningarhaldi safnsins sem hið sögulega og fornfræga Bæjarbló bauð upp á á næstu grösom. Með þetta í huga og sjónarmið, sem lutu að dreifingu ríkisstofnana út á land, var safnið flutt úr höfuðborginni þar sem það hafði verið til húsa frá upphafi og farið út í miklar fjárfestingar í Hafnarfirði til að koma safninu þar fyrir. Þegar Hafnarfjörður ákvað síðan að rífa ofan af safninu nýstandsett húsnæði þess í Bæjarútgerðinni var skaðinn viðurkenndur og safninu greiddar bætur. Slíkt hið sama þarf að verða nú þegar safninu hefur verið þrýst út úr Bæjarblói með því að rekstur þess hefur verið falinn sérfræðingum í popptónleikahaldi og þannig búið um hnútanna að safnið getur ekki haldi áfram sýningum sínum þar. Ríki og safn stóðu fyrir rúmlega 20 milljón króna fjárfestingu í endurbyggingu Bæjarblós fram undir síðustu aldamót. Með stefnubreytingu sinni hefur bærinn því skaðað þróun safnsins og sýningarhald þess og vippað því aftur á byrjunarreit hvað aðstöðu til sýninga varðar en bærinn einn nýtur nú góðs af fjárfestingunni. Skaðabætur vegna þessa myndu koma að góðum notum við uppbyggingu nýrrar sýningaraðstöðu í eigin húsakynnum og mætti því allt eins líta á sem styrkveitingu eða vilja í verki til að láta eitthvað af hendi rakna fyrir þann skaða og forsendubrest sem Kvikmyndasafnið hefur orðið fyrir.

Reynslan af samvinnu og samningagerð við bæinn um rekstur Bæjarblós frá því fyrir síðustu aldamót og fram til 1. júní 2014 sýnir að ekki er viturlegt að byggja upp sýningaraðstöðu á ný í samvinnu við utanaðkomandi aðila, jafnvel þótt um stór sveitarfélög sé að ræða eða menningarhús í öðrum sveitarfélögum.